

Formannafundur aðildarféлага UMSB 5. júní 2014 í boði Skotfélags Vesturlands í Brákarey

Mættir :

Hrafnhildur Tryggvadóttir	Knattspyrnud. Skallagríms
Hrönn Jónsdóttir	Frjálsíþróttafélagi Borgarfjarðar.
Guðný Kristín Guðnadóttir	Ungmenna og íþróttafélagi Hvalfjarðarsveitar
Kristrún Snorradóttir	Umf. Reykdælum
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir	Umf. Reykdælum
Þórður Sigurðsson	Skotfélagi Vesturlands
Kristín Gunnarsdóttir	Umf. Dagrenningu
Aðalheiður Kristjánsdóttir	Umf. Íslendingi
Helga J. Svavarsdóttir	Sunddeild Skallagríms
Guðrún Björk Friðriksdóttir	Dansíþróttafélagi Borgarfjarðar
Agnes Guðmundsdóttir	Umf. Stafholtstungna
Svandís Bára Steingrímisdóttir	Umf. Agli Skallagrímssyni
Sigurjón Helgason	Umf. Birni Hítðælakappa
Snorri Þórðarson	Golfkl Glanna.
Stefán Logi Haraldsson	Hestamannafél Skugga
Haukur Bjarnason	Hestamannafélaginu Faxe
Kristinn Óskar Sigmundsson	Körfuknattleiksd. Skallagríms
Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir	Umf. Skallagrími.
Sólrún Halla Bjarnadóttir	vararitari UMSB.
Ásgeir Ásgeirsson	varasambandsstjóri UMSB
Sigurður Guðmundsson	sambandsstjóri UMSB

Sigurður Guðmundsson sambandsstjóri setti fund kl 20.00

- Fulltrúar félaganna segja frá starfi félaga sinna.
- Þinggerð sambandsþings UMSB frá 8. mars borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

1. Erindi um eineltisteymi og forvarnarvinnu hjá Umf. Grindavíkur. Gunnlaugur Hreinsson formaður UMF. Grindavíkur kom á fundinn og kynnti málið.

Þar er til sjóður sem var stofnaður 2010 og 5 % lottótekna rennur í. Til úthlutunar koma vaxtatekjur og frjáls framlög.

1. Þeir byrjuðu með vinnu gegn munntóbaki sem var mjög erfitt að ná burtu en telja góðan árangur hafa náðst.
 2. Næst var unnin upp eineltisáætlun sem tekin var í gagnið vorið 2013 þar til aðstoðar voru Vanda Sigurgeirsdóttir og Kolbrún Baldvinsd og fl.
 3. Núna er verið að vinna í mataræði og er Klemens Sæmundsson næringarfræðingur þeim til aðstoðar við það verkefni.
 4. Upplýsingar og árangur þurfa að fylgjast að og vera í stöðugri þróun og áframhaldi. Eitt verkefni hefur verið keyrt í einu sl. 4 ár en þessi verkefni haldast í hendur.
- H.K. í Kópavogi er með góðar reglur og gott að leita til þeirra um upplýsingar.

2. Búningamál. Pálmi leggur fram áætlun um búningamátun í félögunum.
3. Heimasíða UMSB. Pálmi kynnir hana lauslega eða eins og nethraðinn leyfir.

4. Önnur mál.

- a) Stefán Logi kvartar yfir bréfi sem Skuggi fékk um forvarnarmál frá Vildísi forvarnarfulltrúa Borgarbyggðar sem þeir skilja sem hótanir um að styrkir verði af þeim teknir ef ekki eru til forvarnarstefnur hjá félögunum eða þær útbúnar.
 - i. Öll aðildarfélögin könnuðst við umrætt bréf og voru ekki ánægð.
 - ii. Borgarbyggð er með forvarnarstefnu en ekki talið auðvelt að finna hana á heimasíðunni .
- b) Sigurður kynnir fund sem hann sat um undirbúning 125 ára afmæli Landbúnaðarnáms á Hvanneyri.
- c) Reykdælir, Stafholtstungnamenn, og knattspyrnud. Skallagríms eru að vinna að fyrirmyndarfélagsundirbúningi.
- d) Hann brýnir fyrir félögunum að skila starfsskýrslum fyrir settan tíma annars fara viðkomandi félög í keppnisbann hjá ÍSÍ.
- e) Sigurður greindi frá gjöf Eiríks Ingólfssonar til UMSB af tilefni sjötugsafmælis síns en gjöfin nam 200. þúsundum. Þá er spurningin – hvert verður verkefni þessarar peninga ? E.t.v. forvarnarsjóður ?
- f) Agnes spyr um íþrótt og tómskundaskóla. Pálmi segir frá stöðu mála þar.
- g) Sigríður talar um Kárastaðalandið en þar er í farvatninu samningur milli Skógræktarfélags Borgarfjarðar, Skátafélagsins í Borgarnesi og UMSB um að fá land í fóstur og gera að tjald og útivistarsvæði.
- h) Agnes spyr um sláttinn á íþróttavöllum á Varmalandi og víðar. Pálmi svarar því og segir hvernig samningar eru við B.B. og brýnir fyrir félögunum að fylgjast vel með að staðið sé við þá samninga.

Eftir veitingar í boði Skotfélagsins buðu gestgjafarnir fundargestum að reyna sig í nýju skotaðstöðunni og skemmtu menn sér hið besta við það.
Takk fyrir Skotfélagsmenn.

Fundargerð rituð af Kristínu Gunnarsd.